



# 598. fundur stjórnar SASS

Hótel Örk

17. ágúst 2023, kl. 16:30 – 17:00

Pátttakendur: Ásgerður K. Gylfadóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Brynhildur Jónsdóttir og Njáll Ragnarsson. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fund stjórnar sem haldinn er í beinu framhaldi af vinnufundi stjórnar.

## 1. Fundargerð

Fundargerð 597. fundar staðfest og hún verður undirrituð síðar.

## 2. Ársþing SASS 2023

Formaður kynnir undirbúning fyrir ársþing samtakanna og frumdrög að dagskrá og hugmyndum um þema þess en það getur m.a. tengst fráveitum, stoðkerfinu og áskorunum sem sveitarfélög standa frammi fyrir og tengjast lögheimilum án tilgreinds heimilisfangs. Hugmyndir ræddar um fyrirkomlag og umfjöllunarefni á þinginu. Verður nánar rætt á næsta fundi stjórnar.

## 3. Önnur mál til kynningar og umræðu

- Á vinnufundi stjórnar var fjallað um uppbyggingu stoðkerfisins á Suðurlandi, þ.e. þess hluta sem stuðlar með einum eða öðrum hætti að jákvæðri byggðaþróun. Niðurstaða umræðu er að fjalla nánar um áfangastaðastofur hvernig skipulagi og rekstri þeirra er háttað í öðrum landshlutum og á Suðurlandi. Einnig rætt um að kanna nánar hver staðan er varðandi hugmynd stjórnar Háskólafélags Suðurlands um sameiningu við Fræðslunetið á Suðurlandi.
- Fjármálaráðstefna sambandsins verður haldinn 21. – 22. september nk. Umræður um boð sem haldið er fyrir sunnlenska þingfulltrúa að kvöldi 21. september nk. Framkvæmdastjóra falið að skoða nánar útfærslu.
- Framkvæmdastjóri uppl. að ósk hefði borist um að leigja starfsaðstöðu hjá samtökunum. Unnið er að tveimur LIFE umsóknum sem tengjast sveitarfélögum á Suðurlandi og óskað hefur verið eftir að SASS verði þátttakandi í þeim.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í fjarfundi föstudaginn 1. september nk.



Fundi slitið kl. 17:00

Ásgerður K. Gylfadóttir

Grétar Ingi Erlendsson

Einar Freyr Elínarson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Njáll Ragnarsson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Brynhildur Jónsdóttir

Arnar Freyr Ólafsson

Árni Eiríksson